

12. apríl 2024

Viðbrögð Bankasýslu ríkisins við greinargerð Landsbankans hf. um kaup á öllu hlutafé í TM tryggingum hf., ákvörðun um tilnefningar í bankaráð og næstu skref.

Skýrsla Bankasýslu ríkisins

Bankasýsla ríkisins hefur með skýrslu brugðist við greinargerð Landsbankans hf. („Landsbankans“) frá 22. mars sl. um framlagningu skuldbindandi tilboðs Landsbankans þann 15. mars sl. í allt hlutafé TM trygginga hf. („TM“). Skýrslan er aðgengileg á heimasíðu stofnunarinnar.

Megin niðurstöður skýrslunnar eru þær að Bankasýsla ríkisins telur að:

- Upplýsingagjöf Landsbankans til Bankasýslu ríkisins hafi ekki verið í samræmi við ákvæði samnings um almenn og sértæk markmið í rekstri bankans og ákvæði eigandastefnu ríkisins. Þá voru þau ekki með þeim formlega hætti sem áður hefur verið viðhafður, ólíkt upplýsingagjöf Landsbankans til Bankasýslu ríkisins um áhuga bankans á TM í júlí 2023.
- Tilboðið hafi ekki verið í samræmi við ákvæði eigandastefnu ríkisins um áherslur á arðgreiðslur og niðurgreiðslur skulda ríkisins og lágmörkun á áhættu, sérstaklega í ljósi þess að ekki stendur til að selja hlut ríkisins í bankanum í náinni framtíð. Enginn fyrirvari var gerður í tilboði bankans um samþykki hluthafafundar.
- Tilboðið hafi ekki verið í samræmi við stefnu stjórnvalda, eins og hún birtist í eigandastefnu ríkisins fyrir fjármálafyrirtæki frá febrúar 2020 og sáttmála um ríkisstjórnarsamstarf Framsóknarflokks, Sjálfstæðisflokks og Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs frá nóvember 2021.
- Bankaráð Landsbankans hafi ekki gert nægilega grein fyrir atburðarás sem leiddi til skuldbindandi tilboðs eða rökstutt framlagningu þess án þess að kynna Bankasýslu ríkisins þau áform.
- Bankasýsla ríkisins var grunlaus um að bankaráðið myndi ákveða að gera skuldbindandi tilboð þann 15. mars sl.
 - án þess að Bankasýsla ríkisins væri fyrirfram upplýst,
 - gegn yfirlýstum vilja ráðherra,
 - án fyrirvara um samþykki hluthafa.

Tilnefningar í bankaráð Landsbankans

Í ljósi þess sem rakið er í skýrslunni ákvað stjórn Bankasýslu ríkisins á fundi sínum þann 10. apríl sl., að fengnum tilnefningum valnefndar, að velja nýja einstaklinga sem verða tilnefndir í bankaráð Landsbankans á aðalfundi hans þann 19. apríl nk.

Þeir eru:

Aðalmenn:

Jón Þ. Sigurgeirsson, formaður

Eva Halldórsdóttir

Kristján Þ. Davíðsson

Rebekka Jóelsdóttir

Steinunn Þorsteinsdóttir

Þór Hauksson

Örn Guðmundsson

Varamenn:

Sigurður Jón Björnsson

Stefanía Halldórsdóttir

Næstu skref í kjölfar aðalfundar

Að afloknum aðalfundinum mun Bankasýsla ríkisins óska eftir fundi með nýju bankaráði. Á þeim fundi hyggst stofnunin leggja áherslu á það að bankaráðið leggi mat á viðskiptin með aðstoð utanaðkomandi ráðgjafa og meti þá valkosti sem bankinn hefur í stöðunni með hliðsjón af ákvæðum laga og eigandastefnu ríkisins. Jafnframt mun Bankasýsla ríkisins ítreka mikilvægi þess að bankaráðið virði eigandastefnu ríkisins og samning bankans við stofnunina.


Kynning á tilnefndum bankaráðsmönnum

■ Aðalmenn



Jón Þ. Sigurgeirsson, formaður

Jón hefur verið efnahagsráðgjafi menningar- og viðskiptaráðherra frá mars 2022, en starfaði áður um árabíl í Seðlabanka Íslands og hjá AGS. Hann var stjórnarmaður og staðgengill framkvæmdastjóra AGS frá 2019 til 2022 og 2005-2008. Hann starfaði sem framkvæmdastjóri alþjóðasviðs og skrifstofu bankastjóra Seðlabanka Íslands frá 2008 til 2019 og framkvæmdastjóri alþjóða- og markaðssviðs frá 2002 til 2005. Jón var stjórnarmaður í Bankasýslu Grikklands á árunum 2015-2019, stjórnarformaður ESÍ 2012-2017, sat í stjórn FME frá 2009-2011 og hefur setið í stjórn Hörpu tónlistar og ráðstefnuhúss frá 2023. Jón sat í framkvæmdahópi stjórnvalda um afnám fjármagnshafta og lausn á vanda slitabúa 2014-2015. Jón er Cand. Oecon frá Háskóla Íslands og er með próf í verðbréfavíðskiptum.



Eva Halldórsdóttir

Eva Halldórsdóttir er framkvæmdastjóri LLG. Hún hóf störf hjá LLG Lögmönnum (áður Lögmenn Lækjargötu) á árinu 2014 og hefur verið meðal eigenda stofunnar síðan 2018. Á árunum 2004 til 2012 starfaði Eva sem lögmaður og síðar forstöðumaður hjá Okkar Líftryggingum hf. Eva stundaði nám við lagadeild Stanford háskóla á árunum 2013 til 2014 og lauk þar LLM prófi með áherslu á stjórnarhætti áður en hún gekk til liðs við LLG Lögmenn.



Kristján Þ. Davíðsson

Kristján hefur lengi veitt ráðgjöf og unnið á sviði sjávarútvegs á Íslandi, Noregi, Síle, Perú og Grænlandi þ.m.t. á sviði stjórnunar, markaðsmála, áætlanagerðar, fjárfestinga, endurskipulagningar, hönnunar og innleiðingar á vinnslu og búnaði í sjávarútvegi. Hann var framkvæmdastjóri Landssambands fiskeldisstöðva frá 2017-2018, Framkvæmdastjóri skilaneftndar Glitnis frá 2008-2009 og forstöðumaður sjávarútvegsteymis á fyrirtækjasviði Glitnis frá 2005-2008. Frá 2003-2005 var Kristján forstjóri/aðstoðarforstjóri HB Granda. Kristján er með M.Sc. gráðu í Sjávarútvegsfræðum frá Arctic University of Norway frá 1987 og skipstjórnarréttindi. Hann hefur um árabíl setið í stjórnnum ýmissa fyrirtækja, m.a var hann í bankaráði Landsbankans á árunum 2011-2015.



Rebekka Jóelsdóttir

Rebekka hóf störf sem fjármálastjóri Mílu í ágúst 2023. Áður var hún hjá Marel sem forstöðumaður Hagdeildar frá 2018-2023. Frá 2014-2018 var Rebekka fjárfestingastjóri hjá Framtakssjóði Íslands. Áður var Rebekka hjá Arion banka en þar starfaði hún meðal annars í fyrirtækjaráðgjöf, endurskipulagningu og eignastýringu. Rebekka er með BS í viðskiptafræði frá HR og meistarafráðu í fjármálum frá sama skóla.



Steinunn Þorsteinsdóttir

Steinunn starfar í dag hjá Auðsýn, sem eigandi og sjálfstæður ráðgjafi. Steinunn starfaði hjá Mannviti á árunum 2018-2023 lengst af sem sviðsstjóri Innri þjónustu. Hún sat þar í framkvæmdastjórn fyrirtækisins og bar meðal annars ábyrgð á sjálfbærni, markaðsmálum, gæðamálum og nýsköpun. Á árunum 2016-2018 starfaði Steinunn hjá stoðtækjafyrirtækinu Össuri sem verkefnastjóri í alþjóðlegum umbreytingaverkefnum. Steinunn starfaði hjá Íslandsbanka frá 2007-2016 og verkefnastýrði þar m.a. fjárhagslegri endurskipulagningu bankans. Hún var gæðastjóri Íslandsbanka frá 2012-2016. Steinunn er með BS gráðu í véla- og iðnaðarverkfræði frá Háskóla Íslands og Meistaragráðu í iðnaðarverkfræði frá Chalmers University of Technology og er löggiltur verðbréfamíðlari.



Þór Hauksson

Þór er í dag framkvæmdastjóri eignarhaldsfélagsins Mol3. Hann var forstöðumaður hjá fyrirtækjaráðgjöf Deloitte frá 2014-2019, framkvæmdastjóri Burðaráss frá 2013-2014 og starfaði hjá Framtakssjóði Íslands frá 2010-2013. Áður var Þór meðal annars hjá Skiptum og Straumi fjárfestingarbanka. Hann hefur setið í stjórnnum meðal annars Valitor, Sýn, Advania, N1 og fleiri félaga. Þá var Þór formaður fjárfestingarráðs ÍL-sjóðs (Íbúðalánasjóður) og var formaður starfshóps um uppskiptingu ÍLS/HMS. Þór er með meistaragráðu í stjórn mála og hagfræði frá University of Hull og MBA með áherslu á fjármál frá HR og próf í verðbréfaréttindum.



Örn Guðmundsson

Örn Guðmundsson hefur verið forstjóri Mannvits nú Cowi frá árinu 2018 en áður var hann fjármálastjóri félagsins. Á árunum 2009-2014 starfaði Örn fyrir skilanevnd og slitastjórn Kaupþings og hjá Símanum/Skiptum 2000-2009. Örn hefur einnig setið í stjórnnum fjölmargra fyrirtækja á Íslandi og erlendis í tengslum við störf sín hjá Mannviti, Kaupþingi og Skiptum.

■ Varamenn



Sigurður Jón Björnsson

Sigurður Jón Björnsson lauk cand.oecon. prófi af reikningshalds- og fjármálasviði frá Háskóla Íslands árið 1994 og prófi í verðbréfavíðskiptum 2009. Að námi loknu starfaði hann sem aðstoðarsölustjóri Íslensk Ameríska hf. 1995-1997, sem forstöðumaður fjármálasviðs, staðgengils framkvæmdastjóra og sérfræðings á sviði fjárfestinga hjá Framtaki fjárfestingarbanka hf. 1997-2003, sem forstöðumaður hagdeildar Air Atlanta 2003-2006 og var fjármálastjóri og staðgengill framkvæmdastjóra fjármálasviðs Norðuráls 2006-2007. Hann var ráðgjafi í fyrirtækjaráðgjöf hjá Capacent árið 2007 og síðar eigandi hjá verðbréfafyrirtækinu Capacent fjárfestingarráðgjöf, síðar Centra fyrirtækjaráðgjöf hf. Sigurður gegndi starfi framkvæmdastjóra fjármála hjá Íbúðalánasjóði á árunum 2011-2017 og bar hann þar m.a. ábyrgð á áhættustýringu sjóðsins árin 2011-2015. Sigurður var stjórnarformaður tæknifyrirtækisins Betware á Íslandi frá stofnun 1998 og til sölu þess til erlendra aðila 2014. Hann hefur einnig átt sæti í stjórnnum félaganna Stoða hf., Íslandsflugs hf., Landsafls hf., IMSI Inc. og SPC Holding AS. Sigurður var kjörinn varamaður í bankaráð í apríl 2019.



Stefanía G. Halldórsdóttir

Stefanía er í dag forstjóri hjá leikjafyrirtækinu Avalanche Studios Group í Svíþjóð en þar hefur hún verið frá ágúst 2023. Hún var framkvæmdastjóri Eyrir Vaxtar frá 2020-2023 sem safnaði 7 milljörðum frá 17 stofnana- og einkafjárfestum í framtakssjóðinn Eyrir Vöxt sem fjárfestir í nýsköpunarfyrirtækjum með áherslu á sjálfbærar lausnir. Áður var Stefanía framkvæmdastjóri markaðs- og viðskiptaþróunarviðs Landsvirkjunar frá 2018-2020 og framkvæmdastjóri CCP á Íslandi frá 2016. Á árunum 2010-2016 leiddi hún þróunarstarf CCP í Kína. Stefanía er með MSc gráðu í umhverfisvísindum frá verkfræðideild Háskóla Íslands og BSc gráðu í landafræði með áherslu á tölvunarfræði frá sama skóla.

Nánari upplýsingar

Nánari upplýsingar veitir:

Tryggvi Pálsson, stjórnarformaður, s. 893 1388